

09 - SKIPULAGS OG BYGGINGARSVIÐ		Ársreikn.	Áætlun	Áætlun		
		2014	2015	2016	Mismunur	%
	Tekjur	-72.530	-42.500	-78.000	-35.500	184
Skipulags- og byggingarsvið	Laun og launatengd gjöld	104.845	102.770	87.306	-15.464	85
	Annar rekstrarkostnaður	86.146	41.575	44.223	2.648	106
	Fjármagnskostnaður	1	0	0	0	
Samtals:		118.462	101.845	53.529	-48.317	53

Fjárheimildir til skipulags- og byggingarmála lækka um 48 milljónir króna, annars vegar vegna aukinna tekna og hins vegar fækkunar starfsmanna og tilfærslu starfsmanna frá byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa á framkvæmda- og rekstrardeild, umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Áætlaðar tekjur vegna gjalds fyrir stöðuleyfi fyrir gáma, skipulagsgjalds og fleiri gjalda hækka samsvarandi og lækkun fjárheimilda þ.á.m. tekjur vegna aukinna umsvifa í byggingargeiranum. Áhersla verður áfram á hreinsunaráttak í bænum og áætlað er að leggja út fyrir framkvæmdum á kostnað eigenda eða lóðarhafa þar sem ástæða þykir til. Óvissa er um endurheimtur af þessu fjármagni.

Skipulagsvinna – eignfærsla

Skipulags og byggingarráð tók ákvörðun árið 2014 að endurskoða ákveðna kafla í aðalskipulagi Hafnarfjarðar (vísa í lagaramman sem segir til um ákvörðunina). Bæði er nýútkomið og samþykkt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisin sem kallar á samræmingu við núverandi aðalskipulag en einnig er nauðsynlegt að kalla fram aðgerðaráætlun samhliða markmiðum um eflingu almenningsgangna og styrkingu miðbæjar eins og fjallað er um í Aðalskipulaginu (vitna í blaðsíður). Þá var ráðinn hópur sérfræðingar til að greina möguleika bæjarins – svokallaður “Þéttingarhópur”. Verkefni þéttingarhóps um þéttun byggðar í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðis lýkur um áramót 2015/2016, hugmyndir hópsins verða í framhaldinu kynntar fyrir íbúum Hafnarfjarðar. Þær tillögur sem verða samþykktar eftir vinnu ráðgjafanna kallar einnig á endurskoðun Aðalskipulags Hafnarfjarðar.

Samkvæmt spám svæðisskipulagsins mun íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölga um 70.000 á næstu 25 árum, en frá árinu 1985 hefur höfuðborgarsvæðið verið að þenjast óþarflega út – hefur farið úr 54 íbúar á he árið 1985 í 35 íbúa á he árið 2012. Þetta kallar á grundvallar breytingu í því hvernig við hugsum fjölgun íbúa í Hafnarfirði – sem þarf ekki nauðsynlega að kalla á nýtt landnám.

Við stöndum frammi fyrir því að taka ákvörðun um hvort að við verðum bær eða hvort að við stefnum að því að verða úthverfi. Þetta er stóra spurningin í skipulagsmálum bæjarins og krefst samtals, samráðs og samvinnu þvert á pólitík og íbúa bæjarins.

Samhliða breytingum á aðalskipulagi vegna „þéttingar byggðar“ þarf að fara í deiliskipulagsvinnu og kynningarferli.

Ráðið tók einnig ákvörðun árið 2014 að endurskipuleggja 1.áfangi Skarðshlíðar og sú vinna langt komin. Áætlað að úthlutun lóða geti hafist í mars-apríl. Haldið verður áfram með endurskipulagningu Skarðshlíðar þess hluta er snýr að sérþýli með það að markmiði að boðið verði upp á minni einingar í sérþýli.

Unnið er að breyttri legu Ásvallarbrautar til samræmis við framkomnar athugasemdir íbúa í Áslandi 3, einnig er unnið að breyttu deiliskipulagi Kaldárselsveggar frá hringtorgi við kirkjugarð að vegi að Hvaleyrarvatni.

Þá hefur skipulags- og byggingarráð samþykkt að fara yfir ferli kynninga á vegum umhverfis- og skipulagsþjónustu.

09-001 Skipulags- og byggingarráð

09-001-1** Laun og launatengd gjöld**

Skipulags- og byggingarráð

Áætlun gerir ráð fyrir föstum greiðslum til formanns og aðalmanna. Varafulltrúar fá greitt á fund.

Laun starfsnefnda

Laun vegna starfsnefnda eru áætluð miðlægt á málaflokki 21.

09-011-0* Tekjur**

Nýtt gjald fyrir stöðuleyfi gáma verður tekið upp, hækkun er vegna úttektargjalda og skipulagsgjalds. Áætlaður tekjuauki er 32 mkr.

09-011-1* Laun og launatengd gjöld**

Lækkun á launakostnaði vegna breytinga og sameiningar sviða. Starf sviðssjóra –skipulags- og byggingarfulltrúa var lagt niður, ráðið hefur verið í störf bygginarfulltrúa og skipulagsfulltrúa. Tækniteiknara sem voru á sviðinu færðir til framkvæmda- og rekstrardeildar umhverfis- og skipulagsþjónustu. Starf ritara var lagt niður og starf skrifstofustjóra fært til aðalskrifstofu. Launakostnaður er áætlaður 87 mkr og hefur hann lækkað um 15,5 mkr milli ára.

	2016	2015
Embætti skipulagsfulltrúa	4 stöðugildi/starfsmenn	
Embætti byggingarfulltrúa	3 stöðugildi	
Samtals	7 stöðugildi/starfsmenn	11 stöðugildi/starfsmenn

09-011-2* og 4*** Vörukaup og þjónustukaup**

Hækkun á rekstrarliðum, vegna greiðslu hlutdeildar í mötuneyti hússins um á 1mkr.

09-011-9***

Hækkun vegna aukins framlags til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um tæpa 1 milljón króna.